Borgarráð

Reykjavík, 26. nóvember 2027
FAS26010019

Breytingartillögur Sjálfstæðisflokks (D), Viðreisnar (C) og Framsóknarflokksins (B) við frumvarp að fjárhagsáætlun Reykjavíkurborgar 2027

MANNAUÐS- OG STARFSUMHVERFISSVIÐ (MOS)

DCB-1 Tillaga að skipulagsbreytingum

Lagt er til að fjárheimildir mannauðs- og starfsumhverfissviðs lækki um 106.457 þ.kr. vegna hagræðingarkröfu í miðlægri stjórnsýslu. Fjárheimildir flytjast á ófyrirséð, sértækar fjárráðstafanir kostn.st. 09216.

Svið	Kostn.st.			Fjárhæð (þkr.)
MOS	01440	Skrifstofa sviðsstjóra	Frá	-14.136
MOS	01245	Launaskrifstofa	Frá	-30.646
MOS	01470	Skrifstofa ráðningar og mönnunar	Frá	-13.422
MOS	01450	Skrifstofa starfsþróunar og starfsumhverfis	Frá	-13.737
MOS	xxx	Breytt framlag til Jafnlaunastofu	Frá	-6.400
MOS	xxx	Niðurlagning á skrifstofu kjaramála	Frá	-28.116
ÖNN	09216	Ófyrirséð, sértækar fjárráðstafanir	Til	106.457
			Samtals	**0**

MIÐLÆG STJÓRNSÝSLA (RHS)

DCB-2 Tillaga að skipulagsbreytingum

Lagt er til að fjárheimildir miðlægrar stjórnsýslu lækki um 47.127 þ.kr. vegna hagræðingarkröfu í miðlægri stjórnsýslu. Fjárheimildir flytjast á ófyrirséð, sértækar fjárráðstafanir kostn.st. 09216.

Svið	Kostn.st.			Fjárhæð (þkr.)
BLÖ	xxx	Fækkun stöðugilda	Frá	-32.505
SBS	xxx	Fækkun stöðugilda	Frá	-14.622
ÖNN	09216	Ófyrirséð, sértækar fjárráðstafanir	Til	47.127
			Samtals	**0**

Reykjavík

FJÁRMÁLA- OG ÁHÆTTUSTÝRINGARSVIÐ

DCB-3 Tillaga að skipulagsbreytingum

Lagt er til að fjárheimildir fjármála- og áhættustýringarsviðs lækki um 79.667 þ.kr. vegna hagræðingarkröfu í miðlægri stjórnsýslu. Fjárheimildir flytjast á ófyrirséð, sértækar fjárráðstafanir kostn.st. 09216.

Svið	Kostn.st.			Fjárhæð (þkr.)
FAS	xxx	Fækkun stöðugilda	Frá	-79.667
ÖNN	09216	Ófyrirséð, sértækar fjárráðstafanir	Til	79.667
			Samtals	**0**

VELFERÐARSVIÐ (VEL)

DCB-4 Tillaga að opnun búsetukjarna

Lagt er til að fjárheimildir velferðarsviðs hækki um 375.000 þ.kr. vegna opnunar á nýjum búsetukjarna við Jöklasel samkvæmt samþykktri uppbyggingaráætlun í málefnum fatlaðs fólks. Starfsemin hefst í nóvember 2026. Útgjaldaauki verði fjármagnaður af liðnum ófyrirséð, sértækar fjárráðstafanir kostn.st. 09216.

Svið	Kostn.st.			Fjárhæð (þkr.)
ÖNN	09216	Ófyrirséð (ÖNN) - sértækar fjárráðstafanir	Frá	-375.000
VEL	xxx	Búsetukjarni - Jöklasel	Til	375.000
			Samtals	**0**

DCB-5 Tillaga að skipulagsbreytingum

Lagt er til að fjárheimildir velferðarsviðs hækki um 540.000 þ.kr. vegna flutnings starfsfólks milli skóla- og frístundasviðs og velferðarsviðs í samræmi við samþykktar skipulagsbreytingar haustið 2026. Breytingarnar skulu vera að fullu lokið í árslok 2026. Samtals færast um 34 stöðugildi talmeinafræðinga og ráðgjafa í farteymi. Fjárheimildir verða því fluttar frá skóla- og frístundasviði.

Svið	Kostn.st.			Fjárhæð (þ.kr.)
SFS	xxx	Flutningur verkefna í skólaþjónustu	Frá	-540.000
VEL	F9110	Vettvangs- og ráðgjafaþj. snemmtækur stuðningur	Til	320.000
VEL	F9120	Ráðgjöf, mat og greining	Til	220.000
			Samtals	**0**

DCB-6 Tillaga að skipulagsbreytingum

Lagt er til að fjárheimildir velferðarsviðs lækki um 21.000 þ.kr. vegna skipulagsbreytinga á sviðinu. Tvö stöðugildi þjónustufulltrúa frá Vesturmiðstöð flytjast frá Velferðarsviði yfir á Þjónustu- og nýsköpunarsvið. Fjárheimildir flytjast því frá Velferðarsviði yfir á Þjónustu- og nýsköpunarsviðs samkvæmt þessum skipulagsbreytingum.

Svið	Kostn.st.			Fjárhæð (þkr.)
VEL	R110	Vesturmiðstöð	Frá	-21.000
ÞON	01260	Þjónustufulltrúar Borgartún	Til	21.000
			Samtals	**0**

DCB-7 Tillaga að skipulagsbreytingum

Lagt er til að velferðarsvið fái heimild til að gera breytingar á dreifingu fjármagns innan sviðs til að mæta breytingum á starfsemi. Ekki er um að ræða breytingar á heildarfjárheimildum sviðsins, einungis breytingar á dreifingu fjármagns innan sviðs.

Svið	Kostn.st.			Fjárhæð (þkr.)
VEL	xxx	Stjórnsýsla, sérfræðiþjónusta og ráðgjöf	Frá	-160.000
VEL	xxx	Þjónustuíbúðir	Frá	-70.000
VEL	xxx	Heimastuðningur (4. flokkur þjónustu)	Frá	-100.000
VEL	F8210	Ófyrirséð (VEL)	Til	330.000
			Samtals	**0**

DCB-8 Tillaga að fjölgun NPA samninga

Lagt er til að velferðarsvið fái heimild til að gera breytingar á dreifingu fjármagns innan sviðs til að fjármagna fjölgun á NPA samningum. Gert er ráð fyrir að með breytingunni verður nýjum NPA samningum fjölgað um tvo. Ekki er um að ræða breytingar á fjárheimildum, heldur eingöngu breytingar á dreifingu fjármagns innan sviðs.

Svið	Kostn.st.			Fjárhæð (þkr.)
VEL	F8210	Ófyrirséð (VEL)	Frá	-70.000
VEL	F4410	NPA - Notendastýrð persónuleg aðstoð	Til	70.000
			Samtals	**0**

DCB-9 Tillaga að skipulagsbreytingum

Lagt er til að velferðarsvið fái heimild til að gera breytingar á dreifingu fjármagns innan sviðs til að mæta skipulagsbreytingum sem hafa átt sér stað innan sviðs. Ekki er um að ræða breytingar á heildarfjárheimildum sviðsins, einungis breytingar á dreifingu fjármagns innan sviðs.

Svið	Kostn.st.			Fjárhæð (þkr.)
VEL	xxx	Stjórnsýsla, sérfræðiþjónusta og ráðgjöf	Til	100.000
VEL	xxx	Búsetuþjónusta	Til	120.000
VEL	xxx	Stuðnings- og stoðþjónusta	Frá	-150.000
VEL	xxx	Félagsmiðstöðvar	Frá	-15.000
VEL	xxx	Annar kostnaður	Til	-55.000
			Samtals	**0**

DCB-10 Tillaga að fjárheimildum vegna barna með fjölþættan vanda

Lagt er til að 1.000.000 þ.kr. fjárheimild vegna þjónustu við börn og ungmenni með fjölþættan vanda verði áfram innan fjárhagsramma velferðarsviðs. Fjárhæðin samsvarar þeirri útgjaldalækkun sem gert var ráð fyrir á árinu 2027 vegna yfirfærslu fjárhagslegrar ábyrgðar á verkefninu til ríkisins.

Fjárheimildin verði nýtt til að mæta rekstrarhalla vegna vistgreiðslna barnaverndar og annarrar þjónustu við börn og ungmenni sem áfram heyrir undir félagsþjónustu sveitarfélagsins. Breytingunni verði mætt með lækkun fjárheimilda á kostnaðarstað 09216, ófyrirséð og sértækar fjárráðstafanir, og ábata af hagræðingaraðgerðum í miðlægri stjórnsýslu.

SKÓLA- OG FRÍSTUNDASVIÐ (SFS)

DCB-11 Tillaga að hækkun fjárheimilda vegna breytingu á nemendafjölda í grunnskólalíkaninu Eddu

Lagt er til að fjárheimildir skóla- og frístundasviðs hækki um 56.471 þ.kr. vegna breytingu á fjölda nemenda grunnskólum Reykjavíkurborgar. Fjárhæðin tekur mið af nemendafjölda 1. október. Breytingar á barnafjölda og tilfærslur á börnum milli skóla hefur áhrif á bekkjarstærðir og fleira sem kallar á aukin útgjöld samkvæmt úthlutunarlíkaninu Eddu. Útgjaldaauki verði fjármagnaður af liðnum ófyrirséð, sértækar fjárráðstafanir kostn.st. 09216.

Svið	Kostn.st.			Fjárhæð (þkr.)
SFS	xxx	Grunnskólar - breyting á nemendafjölda	Til	56.471
ÖNN	09216	Ófyrirséð, sértækar fjárráðstafanir	Frá	-56.471
			Samtals	**0**

DCB-12 Tillaga að hækkun fjárheimilda vegna breytingu á fjölda nemenda með íslensku sem annað tungumál í grunnskólalíkaninu Eddu

Lagt er til að fjárheimildir skóla- og frístundasviðs hækki um 33.772 þ.kr. vegna breytingu á fjölda nemenda með íslensku sem annað tungumál í grunnskólalíkaninu Eddu. Fjárhæðin tekur mið af 160 viðbótarbörnum sem gert er ráð fyrir að þurfi ÍSAT stuðning. Útgjaldaauki verði fjármagnaður af liðnum ófyrirséð, sértækar fjárráðstafanir kostn.st. 09216.

Svið	Kostn.st.			Fjárhæð (þkr.)
SFS	xxx	Grunnskólar - breyting á fjölda í ÍSAT stuðningi	Til	33.772
ÖNN	09216	Ófyrirséð, sértækar fjárráðstafanir	Frá	-33.772
			Samtals	**0**

UMHVERFIS- OG SKIPULAGSSVIÐ (USK)

DCB-13 Tillaga að skipulagsbreytingum

Lagt er til að fjárheimildir umhverfis- og skipulagssviðs lækki um 199.473 þ.kr. vegna hagræðingarkröfu í miðlægri stjórnsýslu. Fjárheimildir flytjast til hækkunar á handbæru fé.

Svið	Kostn.st.			Fjárhæð (þ.kr.)
USK	xxx	Fækkun stöðugilda	Frá	-199.473
Handb.fé	xxx	Hækkun á handbæru fé		199.473

DCB-14 Tillaga að auknum fjárheimildum í gjaldfært viðhald

Lagt er til að fjárheimildir umhverfis- og skipulagssviðs hækki um 200.000 þ.kr. vegna gjaldfærs viðhalds. Umhverfis- og skipulagssvið fjármagnar á móti 50.000 þ.kr. úr núverandi ramma sviðsins. Gjaldfært viðhald tekur mið af þörf sem metin er samkvæmt reiknireglu innri leigu um að viðhald sé 1,5% af stofnvirði. Vakin er athygli á því að undir

gjaldfært viðhald falla reglubundin viðhaldsverkefni sem viðhalda verð- og notagildi eigna en meiriháttar viðhaldsverkefni sem lengja líftíma og auka notagildi eigna eru færð á fjárfestingu. Útgjaldaauki verði fjármagnaður af liðnum ófyrirséð, sértækar fjárráðstafanir kostn.st. 09216.

Svið	Kostn.st.			Fjárhæð (þkr.)
USK	xxx	Gjaldfært viðhald	Til	250.000
USK	xxx	Fjármagnað úr ramma USK	Frá	-50.000
ÖNN	09216	Ófyrirséð, sértækar fjárráðstafanir	Frá	-200.000
			Samtals	**0**

MENNINGAR- OG ÍÞRÓTTASVIÐ (MÍR)

DCB-15 Tillaga að hagræðingaraðgerðum

Lagt er til að menningar- og íþróttasvið fái heimild til að gera breytingar á dreifingu fjármagns innan sviðs til að mæta breytingum á starfsemi sviðsins. Ekki er um að ræða breytingar á heildarfjárheimildum sviðsins, einungis breytingar á dreifingu fjármagns innan sviðs.

Svið	Kostn.st.			Fjárhæð (þ.kr.)
MÍR	MIR100	Yfirstjórn MÍR	Frá	-45.000
MÍR	MIR200	Söfn	Frá	-80.300
MÍR	MIR400	Íþróttaborg	Frá	-25.000
MÍR	MIR500	Útilífsborg	Frá	-38.000
MÍR	MIR600	Sundlaugar	Frá	-44.000
MÍR	MIR900	Kynningarmál, sérverkefni og annað	Til	232.300
			Samtals	**0**

DCB-16 Tillaga að breytingu á gjaldskrám

Lagt er til að gera neðangreindar breytingar á gjaldskrám menningar- og íþróttasviðs, en áhrifin eru metin á tekjuaukningu upp á 67.000 þ.kr. sem búið er að gera ráð fyrir í breytingartillögu DCB-15.

Lagt er til að samþykkt verði hækkun á stakagjaldi fullorðinna á Ylströndinni úr kr. 1.500,- í kr. 2.100,- fyrir hverja heimsókn. Breytingin taki gildi 8.12.2026.

Lagt er til að samþykkt verði hækkun á stakagjaldi fullorðinna í sundlaugum Reykjavíkurborgar úr kr. 1.500,- í kr. 2.100,- fyrir hverja heimsókn. Breytingin taki gildi 8.12.2026

Lagt er til að gjaldtöku á eldri borgara á söfnum verði breytt á þá að eldri borgurum verði gert að greiða ársgjald að fjárhæð kr. 4.000,- fyrir menningarkortið í stað 2.550,-. Breytingin taki gildi 8.12.2026.

Stýrihópur um gjaldskrár á vegum menningar- og íþróttasviðs (MIR2405008) lagði til að stakagjald í sundi yrði hækkað í áföngum til að færa það nær raunkostnaði við hverja heimsókn. Hópurinn lagði jafnframt til að stakagjald í sundlaugum og á Ylströndinni yrði samræmt. Hækkunin er í samræmi við þessar tillögur. Við síðustu gjaldskrárbreytingar var verð árskorta lækkað á báðum stöðum og boðið upp á mánaðarlegar greiðslur í

áskrift. Reglulegir viðskiptavinir geta áfram nýtt sér þessa kosti. Breytingin á menningarkortinu samræmir gjaldtöku eldri borgara milli starfsstaða menningar- og íþróttasviðs. Í stað gjaldfrjálsrar endurnýjunar verður greitt ársgjald, líkt og fyrir árskort á öðrum starfsstöðum sviðsins.

ÞJÓNUSTU- OG NÝSKÖPUNARSVIÐ (ÞON)

DCB-17 Tillaga að hagræðingaraðgerðum

Lagt er til að fjárheimildir þjónustu- og nýsköpunarsviðs lækki um 15.464 þ.kr. vegna hagræðingarkröfu í miðlægri stjórnsýslu. Til viðbótar við lækkun fjárheimilda þjónustu- og nýsköpunarsviðs fela kostnaðarlækkanir sviðsins í sér að fjárheimildir á sameiginlegum kostnaði (ÖNN) lækka um 148.667 þ.kr. Fjárheimildir, 164.131 þ.kr. flytjast á ófyrirséð, sértækar fjárráðstafanir kostn.st. 09216.

Svið	Kostn.st.			Fjárhæð (þkr.)
ÞON	xxx	Fækkun stöðugilda	Frá	-15.464
ÖNN	xxx	Lækkun á kostnaði	Frá	-148.667
ÖNN	09216	Ófyrirséð, sértækar fjárráðstafanir	Til	164.131
			Samtals	**0**

ÝMIS SVIÐ

DCB-18 Tillaga vegna breytinga á starfsmati

Lagt er til að fjárheimildir á varasjóði launa verði lækkaðar um 68.191 vegna vegna breytingar á skipan lífeyrismála opinberra starfsmanna sem rekja má til áfangasamkomulags á grundvelli 7. gr. samkomulags aðila um jöfnun launa á milli markaða. Á móti verða fjárheimildir menningar- og íþróttasviðs, skóla- og frístundasviðs, og velferðarsviðs hækkaðar á móti til að mæta útgjaldaauka sviða vegna kjarabreytinga. Tillaga er til samræmis við viðauka sem samþykktur var í borgarstjórn þann 17. nóvember 2026.

Svið	Kostn.st.			Fjárhæð (þ.kr.)
ÖNN	09126	Launa- og starfsmannakostnaður	Frá	-68.191
MÍR	Ýmsir	Kjarabætur - jöfnun launa	Til	209
SFS	Ýmsir	Kjarabætur - jöfnun launa	Til	18.596
VEL	Ýmsir	Kjarabætur - jöfnun launa	Til	49.386
			Samtals	**0**

ENDURMAT Á FORSENDUM

DCB-19 Tillaga vegna lækkunar útsvarstekna

Lagt er til að áætlaðar tekjur vegna útsvars verði lækkaðar um 320.500 þ.kr. vegna endurmats á tekjugrunni ársins 2026. Breytingin hefur áhrif á rekstrarniðurstöðu til lækkunar.

Svið	Kostn.st.		Fjárhæð (þ.kr.)
SKATT	xxx	Lækkun útsvarstekna	-320.500
Handb.fé	xxx	Lækkun á handbæru fé	-320.500

DCB-20 Tillaga vegna breytinga á fjármagnskostnaði A-hluta

Lagt er til að hreinn fjármagnskostnaður A-hluta verði hækkaður í samræmi við breyttar verðlags í samræmi við endurmat á verðbólguforsendu úr 4,0% í 4,3%. Tillagan felur í sér að rekstrarniðurstaða lækkar um 339.917 þ.kr. Þá er gert ráð fyrir að handbært fé lækki um 6.264 þ.kr. vegna áhrifa á vaxtagjöld en verðbætur hafa ekki áhrif á handbært fé.

Fjármagnsliðir			Fjárhæð (þ.kr.)
	Hækkun fjármagnsgjalda		339.917
A-hluti	Breyting á rekstrarniðurstöðu	**Samtals**	-339.917
A-hluti	Breyting á handbæru fé	**Samtals**	-6.264

Breytingin felur jafnframt í sér hækkun á liðnum „Verðbætur, afföll og gengismunur“ um 333.653 þ.kr. í sjóðstreymi A-hluta og samstæðu, þar sem um reiknaðan lið er að ræða.

DCB-21 Tillaga vegna lækkun á tekjum vegna sölu byggingarréttar

Lagt er til áætlaðar tekjur vegna sölu byggingarréttar verði lækkaðar um 1.000.000 þ.kr. Matið tekur tillit til aukinnar óvissu á byggingarmarkaði og endurmats á áætluðum tímasetningum greiðslna. Tillagan felur í sér að rekstrarniðurstaða lækkar um 1.000.000 þ.kr. Þá er gert ráð fyrir að handbært fé lækki um 1.000.000 þ.kr. Vakin er athygli að tillagan felur ekki í sér breytingu á veltufé frá rekstri.

Fjármagnsliðir			Fjárhæð (þ.kr.)
USK	Byggingarréttur, lækkun		-1.000.000
A-hluti	Breyting á rekstrarniðurstöðu	**Samtals**	-1.000.000
A-hluti	Breyting á handbæru fé	**Samtals**	**-1.000.000**

Breytingin felur jafnframt í sér hækkun á liðnum „Sölutap (-hagnaður) eigna , afföll og gengismunur“ um 1.000.000 þ.kr. og lækkun á liðnum „Sala byggingarréttar“ um 1.000.000 þ.kr. í sjóðstreymi A-hluta og samstæðu.

FRAMKVÆMD OG ÚTFÆRSLA

DCB-22 Framkvæmd

Lagt er til að sviðstjóra fjármála- og áhættustýringarsviðs verði falið að útfæra ofangreindar breytingar á kostnaðarstaði í A-hluta eftir því sem við á, í samráði við hlutaðeigandi svið.

Hildur Björnsdóttir
borgarstjóri